78. sveitarstjórnarfundur
Staðsetning: Húnabraut 5
24. nóvember 2026, kl. 15:00 - 16:23

Fundarstjóri:	Guðmundur Haukur Jakobsson - Aðalmaður
Ritari:	Dagný Rósa Úlfarsdóttir - Ritari
Mætt til fundar:	Grímur Rúnar Lárusson - Aðalmaður Zophonías Ari Lárusson - Aðalmaður Kolbrún Ágústa Guðnadóttir - Aðalmaður Jón Gíslason - Aðalmaður Helgi Páll Gíslason - Aðalmaður Ragnhildur Haraldsdóttir - Aðalmaður Atli Einarsson - Varamaður Ágústa Rós Ingibjörnsdóttir - Varamaður Svavar Pálsson - sveitarstjóri

Forseti bauð fundarmenn velkomna til 78. fundar sveitarstjórnar, aukafundar, og athugaði með athugasemdir við útsendingu fundarboðs. Svo er ekki og telst þá fundurinn löglegur.

Þorsteinn Þorsteinsson frá KPMG (á Teams) og Sigurður Erlingsson og Sigmar Ingi Njálsson frá fjármálateymi Húnabyggðar sátu fundinn undir fyrstu 2 dagskrárliðum.

1. M26-11-791 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2026

Viðaukar nr. 4, 5 og 6 við fjárhagsáætlun 2026 lagðir fram.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 9 atkvæðum viðauka nr. 4, 5 og 6 við fjárhagsáætlun Húnabyggðar fyrir árið 2026.

- *Viðauki nr. 4 leiðréttir skiptingu tekna, launa og annars kostnaðar milli fjárhagsliða án áhrifa á rekstrarniðurstöðu. Jafnframt er áætlunin leiðrétt vegna slita Félags- og skólaþjónustu A-Hún. og Fasteigna Húnavatnshrepps, sem hefur jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu.*
- *Viðauki nr. 5 tekur til viðbótarútgjalda vegna nefndarlauna sem ákveðin voru í sumar.*
- *Viðauki nr. 6 felur í sér millifærslur milli málaflokka í A-hluta vegna reglugerðarbreytingar og endurreiknings á innri húsaleigu eignasjóðs. Viðaukinn hefur engin áhrif á rekstrarniðurstöðu.*

Heildaráhrif viðaukanna eru 2.276 þús. kr. í A-hluta og 3.044 þús. kr. í A- og B-hluta samanlagt. Þeim er mætt með lækkun á handbæru fé.

2. M26-09-579 - Fjárhagsáætlun 2027 - fyrri umræða

Fyrri umræða um fjárhagsáætlun 2027. Byggðarráð vísaði fjárhagsáætlun 2027 og þriggja ára áætlun til sveitarstjórnar á 167. fundi sínum þann 19. nóvember og bókaði: „Byggðaráð samþykkir samhljóða að vísa fjárhagsáætlun 2027 til fyrri umræðu sveitarstjórnar, auk þriggja ára áætlunar."

Tekin var fyrir til fyrri umræðu fjárhagsáætlun Húnabyggðar 2027, ásamt þriggja ára áætlun. Umræður sköpuðust um fjárhagsáætlunina. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 9 atkvæðum að vísa fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun Húnabyggðar til byggðarráðs til frekari vinnslu og jafnframt til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Þorsteinn, Sigurður og Sigmar viku af fundi eftir þennan dagskrárlið.

3. M26-11-794 - Aðalskipulag Húnabyggðar 2025-2037

Skipulags- og samgöngunefnd vísaði aðalskipulagi til staðfestingar í sveitarstjórn á fundi sínum 3. nóvember og bókaði þannig: „Skipulags- og samgöngunefnd hefur farið yfir innkomnar athugasemdir. Nefndin felur skipulagsfulltrúa að láta vinna að lagfæringum á skipulagsgögnum í samræmi við athugasemdir nefndarinnar og leggur til við sveitarstjórn að Aðalskipulag Húnabyggðar 2025-2037 og skrá yfir vegi í náttúru Íslands verði samþykkt til gildistöku með áorðnum breytingum og send HMS í samræmi við 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.“

Sveitarstjórn frestaði afgreiðslu aðalskipulagsins á fundi sínum 10. nóvember.

Sveitarstjórn hefur farið yfir umsagnir sem bárust við auglýsta tillögu og samþykkir með 9 atkvæðum samhljóða Aðalskipulag Húnabyggðar 2025–2037 og skrá yfir vegi í náttúru Íslands til gildistöku að teknu tilliti til athugasemda og niðurstöðu umhverfismats.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er falið að senda Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun tillöguna, ásamt afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umsagnir við athugasemdum sem bárust á auglýsingartíma er að finna á Skipulagsgátt undir málsnúmeri 1293/2024.

4. M26-06-083 - Samþykkt um stjórn og fundarsköp Húnabyggðar

Beiðni um breytingar á 31. grein samþykkta um stjórn og fundarsköp Húnabyggðar er snúa að varamanni áheyrnarfulltrúa í byggðarráði.

1.gr.

Í stað 2. málsliðar 31. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Húnabyggðar, nr. 1181/2022, með síðari breytingum, kemur nýr málsliður:

Áheyrnarfulltrúar og varaáheyrnarfulltrúar af sama framboðslista og hinn tilnefndi áheyrnarfulltrúi verða varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til sveitarstjórnar.

Lögð fram til fyrri umræðu tillaga um breytingu á 31. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Húnabyggðar um hver taki sæti í forföllum áheyrnarfulltrúa í byggðarráði. Að lokinni umræðum er tillagan borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum (GHJ, ZAL, KÁG, RH, AE, JG, HPG) og 2 sitja hjá (GRL, ÁRI).

Forseti lagði til að breytingunni yrði vísað til síðari umræðu í sveitarstjórn. Tillagan um vísun var samþykkt með 7 atkvæðum (GHJ, ZAL, KÁG, RH, AE, JG, HPG) og 2 sitja hjá (GRL, ÁRI).

5. F26-09-095 - 3. fundur velferðarnefndar

Fyrir fundinum lá fundargerð 3. fundar velferðarnefndar sem haldinn var 9. nóvember 2026.

Fundargerð 3. fundar velferðarnefndar Húnabyggðar frá 9. nóvember 2026 lögð fram til staðfestingar á 78. fundi sveitarstjórnar, eins og einstök erindi bera með sér. Liðir 2 og 4 þarfnast sérstakrar afgreiðslu. Að loknum umræðum og sérstakri afgreiðslu 2. og 4. liðar var fundargerðin borin upp og samþykkt af sveitarstjórn með 9 atkvæðum.

1. M26-11-772 - Framtíðaráform Skúlabrautar 22

Hvað verður um húsnæðið að Skúlabraut 22 þegar nýr íbúðarkjarni verður tekinn í notkun.

Velferðnarnefnd telur brýna þörf á að nýta húsnæðið að Skúlabraut 22 undir velferðarþjónustu svo sem iðju, skammtímadvöl og fleira. Húsnæðið uppfyllir í dag kröfur m.a um aðgengismál sem gerðar eru til slíkrar starfsemi.

2. M26-09-625 - Reglur Húnabyggðar um stuðnings- og stoðþjónustu

Vinnsla á nýjum reglum Húnabyggðar um stuðnings- og stoðþjónustu.

Búið er að yfirfara reglurnar og útbúa með þeim umsóknareyðublöð og matsblöð. Velferðarnefnd samþykkir fyrir sitt leyti reglur Húnabyggðar um stuðnings- og stoðþjónustu. Reglur þessarleysa af hólmi reglur um heimaþjónustu.

Bókun fundar:

Samþykkt samhljóða að vísa málinu til byggðarráðs til frekari vinnslu.

3. M26-11-773 - Starfsmannahald Velferðarsviðs Húnabyggðar

Farið yfir stöðu starfsmannamála á velferðarsviði og þörf fyrir mönnun.

Nauðsynlegt er að auglýsa eftir starfsmanni í 100% starfshlutfall auk starfsmanns til tímabundinnar afleysingar. Rætt verður um fyrirkomulag ráðninga og næstu skref varðandi auglýsingu starfanna.

Velferðarnefnd þakkar félagsmálastjóra fyrir yfirferðina, ekki er verið að tala um fjölgun stöðurgilda.

Félagsmálastjóra falið að vinna málið áfram í samráði við sveitarstjóra.

4. M26-11-774 - Akstursþjónusta eldri borgara í Húnabyggð

Reglur um akstursþjónustu fyrir eldri borgara í Húnabyggð.

Velferðarnefnd samþykkir breytingar á reglum um aksturþjónustu eldri borgara en um er að ræða orðalagsbreytingar vegna laga og í reglunum stendur nú Velferðarsvið Húnabyggðar í stað Félags- og skólaþjónustu. Miðlun upplýsinga skal vera aðgengileg s.s með kynningarbækling og skýrum upplýsingum á vefsíðu Húnabyggðar.

Reglunum er vísað til sveitarstjórnar til samþykktar. Velferðarnefnd samþykkri gjaldskrá um akstursþjónustu eldri borgara.

Bókun fundar:

Samþykkt samhljóða að vísa málinu til byggðarráðs til frekari vinnslu.

5. M26-11-775 - Gjaldskrá stuðningsþjónustu

Vinna þarf nýja gjaldskrá stuðningsþjónustu

Áður hefur verið stuðst við gjaldskrá frá 2023, lagt er til að hún verði hækkuð um 2,5%.

6. F26-10-111 - 164. fundur Byggðarráðs

Fyrir fundinum lá undargerð 164. fundar byggðarráðs sem haldinn var 11. nóvember 2026.

Fundargerð 164. fundar byggðarráðs Húnabyggðar frá 11. nóvember 2026 lögð fram til staðfestingar á 78. fundi sveitarstjórnar, eins og einstök erindi bera með sér. Engir liðir fundargerðarinnar eru sérstaklega lagðir fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Að loknum umræðum var fundargerðin borin upp og samþykkt af sveitarstjórn með 9 atkvæðum.

1. M26-09-579 - Fjárhagsáætlun 2027

Inn á fundinn koma Sigurður Erlingsson, Þorsteinn Þorsteinsson og Sigmar Ingi Njálsson. Þorsteinn vék kl. 15:29.

Unnið að gerð fjárhagsáætlunar.

7. F26-11-113 - 165. fundur Byggðarráðs

Fyrir fundinum lá fundargerð 165. fundar byggðarráðs sem haldinn var 12. nóvember 2026.

Fundargerð 165. fundar byggðarráðs Húnabyggðar frá 12. nóvember 2026 lögð fram til staðfestingar á 78. fundi sveitarstjórnar, eins og einstök erindi bera með sér. Engir liðir fundargerðarinnar eru sérstaklega lagðir fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Að loknum umræðum var fundargerðin borin upp og samþykkt af sveitarstjórn með 9 atkvæðum.

1. M26-09-579 - Fjárhagsáætlun 2027

Unnið að gerð fjárhagsáætlunar.

Þorsteinn Þorsteinsson vék kl. 10:05.

8. F26-11-116 - 166. fundur Byggðarráðs

Fyrir fundinum lá fundargerð 166. fundar byggðarráðs sem haldinn var 18. nóvember 2026.

Fundargerð 166. fundar byggðarráðs Húnabyggðar frá 18. nóvember 2026 lögð fram til staðfestingar á 78. fundi sveitarstjórnar, eins og einstök erindi bera með sér. Engir liðir fundargerðarinnar eru sérstaklega lagðir fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Að loknum umræðum var fundargerðin borin upp og samþykkt af sveitarstjórn með 9 atkvæðum.

1. M26-09-579 - Fjárhagsáætlun 2027

Unnið að gerð fjárhagsáætlunar.

9. F26-10-112 - 14. fundur umhverfisnefndar

Fyrir fundinum lá fundargerð 14. fundar umhverfisnefndar sem haldinn var 19. nóvember 2026.

Fundargerð 14. fundar umhverfisnefndar Húnabyggðar frá 19. nóvember 2026 lögð fram til staðfestingar á 78. fundi sveitarstjórnar, eins og einstök erindi bera með sér. Liður 1 þarfnast sérstakrar afgreiðslu sveitarstjórnar. Að loknum umræðum og sérstakri afgreiðslu 1. liðar var fundargerðin borin upp og samþykkt af sveitarstjórn með 9 atkvæðum.

1. M26-04-239 - Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Húnabyggð

Lögð fram til kynningar uppfærð drög að samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Húnabyggð.

Umhverfisnefnd samþykkir fyrirliggjandi drög að samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Húnabyggð og vísar til sveitarstjórnar til afgreiðslu.

Bókun fundar:

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 9 atkvæðum framlagða samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Húnabyggð með áorðnum breytingum og beinir því til nefndarinnar að hefja aðlögun varðandi væntar breytingar á lögum um áramót.

2. M26-10-712 - Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir á fundinum.

Í kjölfar fundarins hélt umhverfisnefnd vinnufund um úrgangsmál.

10. F26-11-118 - 167. fundur Byggðarráðs

Fyrir fundinum lá fundargerð 167. fundar byggðarráðs sem haldinn var 19. nóvember.

Fundargerð 167. fundar byggðarráðs Húnabyggðar frá 19 nóvember 2026 lögð fram til staðfestingar á 78. fundi sveitarstjórnar, eins og einstök erindi bera með sér. Engir liðir fundargerðarinnar eru sérstaklega lagðir fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Að loknum umræðum var fundargerðin borin upp og samþykkt af sveitarstjórn með 9 atkvæðum.

1. M26-09-579 - Fjárhagsáætlun 2027

Unnið að gerð fjárhagsáætlunar.

Byggðaráð samþykkir samhljóða að vísa fjárhagsáætlun 2027 til fyrri umræðu sveitarstjórnar, auk þriggja ára áætlunar.

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Ragnhildur Haraldsdóttir
Kt. 2708862489
Dags. 26.11.2026 10:18:31 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Helgi Páll Gíslason
Kt. 1203793489
Dags. 25.11.2026 10:08:51 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Ágústa Rós Ingibjörnsdóttir
Kt. 1608972289
Dags. 25.11.2026 11:26:09 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Kolbrún Ágústa Guðnadóttir
Kt. 0704814809
Dags. 25.11.2026 17:26:42 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Jón Gíslason
Kt. 2703593379
Dags. 25.11.2026 23:36:08 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Guðmundur Haukur Jakobsson
Kt. 0403755389
Dags. 24.11.2026 17:04:54 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Zophonías Ari Lárusson
Kt. 0110756069
Dags. 24.11.2026 17:10:50 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Atli Einarsson
Kt. 2410963009
Dags. 25.11.2026 08:12:06 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Grímur Rúnar Lárusson
Kt. 1301923439
Dags. 25.11.2026 08:53:27 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun